

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/154
komudagur 6.11.2013

Alþingi
nefndasvið, umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akranesi 6.11.2013
Tilvísun: V201311003

Efni: Umsögn Landmælinga Íslands vegna þingsályktunar um landsnet ferðaleiða, 122. mál 2013

Vísað er til erindis frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Landmælinga Íslands um þingsályktun um landsnet ferðaleiða, 122. mál 2013.

Landmælingar Íslands fagna tillögu um að gert verði áttak í söfnun og miðlun landupplýsinga um ferðaleiðir á Íslandi en telja jafnframt að stofnunin eigi að hafa aðkomu að verkefninu vegna lögbundins hlutverks við kortagerð á Íslandi. Vegna þessa verkefnis þ.e. við að skipuleggja og kortleggja leiða og þjónustukerfi fyrir ferðamenn sem ferðast um landið fótgangandi, á reiðhjólum eða á hestum vilja Landmælingar Íslands jafnframt koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

1. Að mati Landmælinga Íslands er mikilvægt við framangreint verkefni að taka m.a. mið af ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60 frá 10. apríl 2013 og skipulagslöga nr. 123 frá 22. september 2010.
2. Á Íslandi eru að minnsta kosti 30 þúsund km af vegum og slóðum og á sumum svæðum ríkir enn óvissa um hvort leiðir eigi að vera opnar fyrir vélknúin ökutæki að hluta eða öllu leiti. Um kortlagningu þessara vega og slóða er fjallað í 32. gr. nýrra náttúruverndarlaga og þar er Landmælingum Íslands falið eftirfarandi verkefni :

„... Gerð kortagrunnsins skal vera í höndum Landmælinga Íslands sem jafnframt annast uppfærslu hans í samræmi við reglur sem ráðherra setur. Ráðherra staðfestir kortagrunninn og skal útgáfa hans auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Upplýsingar úr kortagrunninum skulu veittar án endurgjalds og skulu Landmælingar Íslands sjá til þess að þær séu aðgengilegar. Í reglugerð um gerð kortagrunns skal kveða á um samráð við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila, þ.m.t. samtök náttúruverndarfólks og útivistarmanna, sem og um kynningu grunnsins...”

Vegna framangreinds ákvæðis í gildandi lögum telja Landmælingar Íslands mikilvægt að samhæfa og staðla vinnubrögð og samnýta sem best starfskrafta við að byggja upp gagnagrunn um vegi og slóða annars vegar og um framangreindar ferðaleiðir hinsvegar.

Að lokum vekja Landmælingar Íslands athygli á ákvæðum laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar nr. 44 frá 10. maí 2011 þar sem m.a. er kveðið á um skyldur íslenskra stjórnvalda við að gera landupplýsingagögn aðgengileg í gegnum landupplýsingagátt m.a. til að nýta sem best opinbert fé og tryggja að aðgengi allra að gögnum.

Bestu kveðjur

Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands